

Norðurál hf  
Grundartangi  
301 Akranesi

## Hollustuvernd ríkisins

ENVIRONMENTAL AND FOOD AGENCY OF  
ICELAND

Reykjavík 15. febrúar 2002  
HVR02020040 SE0202002/435 40

### Efni: Stækkun Norðuráls hf. og ákvæði 1.4 í starfsleyfi fyrirtækisins

Vísað er til bréfs yðar, dags. 8. febrúar sl., með ósk um að Hollustuvernd ríkisins leggi mat á hvort forsendur og áætlanir varðandi mengun vegna reksturs álversins hafi staðist, eða hvort þörf sé frekara mats á umhverfisáhrifum áður en ráðist verður í stækkun álversins í allt að 180 000 tonn á ári, í samræmi við grein 1.4 í starfsleyfi fyrirtækisins.

Til grundvallar matinu liggja lokaskýrslur um niðurstöður umhverfissvöktunar fyrir árin 1997, 1998, 1999 og 2000. Auk þeirra liggja fyrir niðurstöður mælinga í gróðri, og niðurstöður loft- og ferskvatnsvöktunar árið 2001, eins og fram kemur einnig í drögum að skýrslu um mat á umhverfisáhrifum fyrir framleiðslu á allt að 300 000 tonn af áli á ári. Einnig liggja fyrir upplýsingar um útblástur og önnur mál er varða umhverfismál í ársfjórðungsskýrslum sem Norðurál hf. sendir Hollustuvernd ríkisins í samræmi við grein 3.6 í starfsleyfi fyrirtækisins.

Útblástur flúors, ryks og brennisteinsoxíðs hefur verið töluvert undir þeim mörkum sem sett voru í starfsleyfi. Tíðni risa í kerum hefur farið lækkandi með hverju ári.


Niðurstöður mælinga á flúor í gróðri sýna greinileg áhrif álversins. Við gangsetningu álversins mældist styrkurinn mestur, sérstaklega í næsta nágrenni þess, en fjær verksmiðjувæðinu mældist styrkurinn Minni og jafnari. Þessar niðurstöður eru í samræmi við reynslu af mælingum vegna sambærilegrar starfsemi í Straumsvík.


Við gangsetningu mældist flúoraukning í vötnum við álverið, Urriðaá og Kalmansá, en að öðru leyti hefur ekki orðið vart áhrifa í vatni.

Niðurstöður fyrstu rannsókna á kræklingi, sem gerðar voru sumarið 2000, benda til lítilla áhrifa frá verksmiðjувæðinu.

Styrkur flúoríðs í andrúmslofti hefur reynst í samræmi við dreifispár sem gerðar voru fyrir byggingu álversins, en styrkur brennisteins hefur mælst minni en reiknað var með.

Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum er það mat Hollustuverndar ríkisins að mengun frá álveri Norðuráls hf. og áhrif í umhverfinu sé innan þeirra marka sem gert var ráð fyrir í upphafi. Stofnunin telur því ekki þörf á frekari mati á umhverfisáhrifum áður en ráðist verður í stækkun álversins í 180 000 tonna framleiðslu á ári.

Virðingarfyllt  
  
Aléigi Jónsson  
Forstöðumaður mengunarvarnasviðs

  
Stefán Einarsson  
Fagsljóri eftirlits

